



# Mótaði verkin út frá loftskurðinum

● Á sýningu í Ásmundarsal eru ný og stór gífsverk sem Rósa Gísladóttir vann út frá byggingu og verkum Ásmundar Sveinssonar ● Kúpullinn kunni á byggingunni er kominn á hvolf inni í safninu

Einar Falur Ingólfsson  
efi@mbl.is

„Gífsið hefur alltaf heillað mig sem miðill. Sjáðu grátónana hér í skuggunum, hvað þeir eru fallegir,“ segir Rósa Gísladóttir og bendir á skuggateikninguna á einu verkanna þar sem við göngum um áhrifaríka sýninguna í Ásmundarsafni þar sem hún hefur stillt nýjum skúlptúrum sínum úr gífsi upp með verkum eftir Ásmund Sveinsson (1893-1982).

„Það er auðvelt að vinna gífsið, í því er viss mykt og mér hefur lengi þótt áhugavert að gera verk sem eru ekki föst og njörvuð niður heldur laus og hálfsvífandi. Gífsið hefur hentað vel fyrir það,“ segir hún.

Rósa (f. 1957) nam myndlist hér á landi, í Pýskalandi og Bretlandi. Hún hefur á ferli sínum fengist við ýmiss konar efnivið en er þekktust fyrir gífskúlptúra sem hafa tekið á sig ólík form og stærðir í gegnum tíðina. Verk Rósu hafa verið sýnd víða, þar á meðal á rómaðri sýningu í hinum forna Trajanusarmarkaði í Róm, í Scandinavia House í New York, Saatchi Gallery í London, Listasafni Reykjavíkur og BERG Contemporary. Árið 2020 var Rósa fyrsti handhafi Gerðar-verðlaunanna.

## Féll fyrir teikningunum

Í verkum sínum vinnur Rósa gjarnan með listrænar tilvísanir í arkitektúr og menningarsögu og hér vinnur hún svo sannarlega með Ásmundarsafni sjálft sem skúlptúr og efnivið í eigin verk. Ásmundur reisti sitt óvenjulega „kúluhús“ við Sigtún, heimili og vinnustofu, í nokkrum áföngum á árunum 1942 til 59.

Sýninguna kallar Rósa *Loftskurð* en orðið segir hún koma úr viðtali við Ásmund sem hún las í bók um hann og hann notar yfir það sem einnig hefur verið kallað „neikvætt rými“ í skúlptúrum, hluta þeirra sem eru „tómir“ en skipta engu að síður miklu máli fyrir rými þeirra og form. Í verkunum sem hún vann fyrir sýninguna, og þá einkum síðasta hálf árið, vann



Morgunblaðið/Einar Falur

**Skúlptúristinn** „Þetta er einstaklega skemmtilegt hús fyrir skúlptúra,“ segir Rósa Gísladóttir um Ásmundarsafnið.

hún með loftskurðinn og formin í byggingunni.

„Ég féll alveg fyrir teikningunum af húsinu,“ segir Rósa. Hún sýnir blaðamanni þær í bók um Ásmund og sýnir svo hvernig stór hringlaga skúlptúr sem tekur á móti gestum í Skeifunni, fyrrum vinnustofu Ásmundar, byggir á formum kúpulsins á húsinu og herbergjunum undir honum. „Ég hef áður gert hringlaga verk á svipaðan hátt og mér fannst það form verða að vera hér, Ásmundur vann svo mikið með hringinn og kúluna. Þegar ég las svo viðtalið við Ásmund og hann talaði um „loftskurð“ þá fannst mér að ég yrði að velja eftir hann á sýninguna verk

þar sem hann vinnur markvisst með það að opna rýmið í skúlptúrum, sem líka hafa margir hringform.“

## Skissar í leirinn

Sýningin er bæði í miðrými safnsins og Skeifunni fyrir innan. Fremst er úrval verka eftir Ásmund, þar hefur líka verið sett upp eins konar sýnishorn af vinnustofu hans og svo eru þar stór verk eftir Rósu. Eitt byggir á kúpli hússins, en hann er kominn á hvolf. Annað er súla úr mismunandi formuðum einingum sem kemur í ljós að byggja á formum Ásmundarsafns – efst situr kúpullinn sem eins konar skál, á hvolfi.

„Vinnustofa Ásmundar hefur verið sýnd hér frammi og mér hefur alltaf þótt gaman að sjá verkfæri hans með ýmsum hlutum, módelum og brotum úr verkum. Mér datt í hug að færa vinnustofuna hingað inn og sjá úr hverju verkin urðu til hjá honum. Í innri salnum er svo eins konar vinnustofa mín og gestir geta séð þar módelin sem ég gerði að verkunum og hvernig ég vann þau.

En ég heillaðist af teikningum Ásmundar af byggingunni, stærðinni og hlutföllunum – hann er með kúluna, ferninginn og píramíðarnir ofan á eru þríhyrningar, hann er með frumformin. Og ég vann út frá þeim í

mörgum verkanna hér.“

Á gólfinu er kúpull Ásmundar kominn á hvolf.

„Fólk kemur að húsinu með kúpullinn gnæfandi yfir sér en þegar inn er komið þá er hann kominn á hvolf. Mér fannst að þessi skál yrði að vera einmitt hérna, þar sem við sjáum líka ofan í hana,“ segir Rósa.

Varðandi vinnuferlið segist hún gera verk sín venjulega fyrst úr leir og svo taka af þeim gífsmót. Og forvitnilegt er að sjá á vinnustofu hennar inni á sýningunni hvernig hún byrjaði á að gera örtiltar útgáfur verkanna, til að sjá hvernig þau sætu vel í safninu. Og það virðist eins og sýningin hafi sprottið áreynslulítið fram.

„Eiginlega má segja það, já,“ staðfestir Rósa. „Ég gerði módel af sölnunum og svo eins og dattu verkin inn í það, út frá hugsunum mínum um verk og byggingu Ásmundar. Ég teikna ekki mikið heldur skissa í leirinn,“ segir hún og veltir einu módelinu í lófa sér.

„Svo var gaman að sjá verkin koma hér upp. Lengi vel voru þau í mótunum sem ég steypiti þau í, þau eru svo þung að ég gat ekki hreyft þau á vinnustofunni. En stærðin og hæðin á þeim hér inni er mjög mikilvæg.“ Hún nefnir sem dæmi að stóra hringlaga verkið er 463 kg.

„Eins og svo margir aðrir sem hafa alist upp í Reykjavík þá hef ég komið hingað reglulega frá barnæsku og nú var það afskaplega spennandi tækifæri að fá að fara í þetta samtali við verk Ásmundar með mínum. Þetta er einstaklega skemmtilegt hús fyrir skúlptúra.“

Rósa segir að sér hafi aldrei fyrir verið boðið að kalla á við verk annars listamanns með þessum hætti. „Ásmundur mun líklega fylgja mér áfram, eða verkin hans, og líklega hafa þau líka gert það á einhvern hátt hingað til. Ég hef reyndar aldrei fllað að vinna með mannslíkamann eins og hann gerir mikið en formin eru mörg skyld og svo gífskenndin sem við deilum. Mörg verkanna hans hafa mjög fallega mykt.“